

**STJÓRNARFUNDUR Í HÓTEL STAÐARFLÖT  
ÞRIÐJUDAGINN 12. APRÍL 2011 KL 09:30.**

Þriðjudagurinn 12. apríl 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar í Hótel Varmahlíð. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Guðmundur Guðmundsson frá Bygðastofnun sat fundinn undir 2. lið.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Engar athugasemdir við fundargerðina.
2. **SSNV atvinnuþróun**
  - a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa mars 2011.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
  - b. **Yfirlit um þróun ríkisstarfa á Norðurlandi vestra árána 2008-2010.** Lögð fram niðurstaða könnunar SSNV atvinnuþróunar um þróun ríkisstarfa á Norðurlandi vestra milli árána 2009 og 2010. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hefur stöðugildum og vegum ríkisstofnanna eða útibúa ríkisstofnanna á Norðurlandi vestra fækkað um 14,55 milli árána 2009 og 2010. Stjórn SSNV lýsir þungum áhyggjum af þessar þróun. Framkvæmdastjóra falið að vinna nánari greiningu á niðurstöðunum m.t.t lækkunar launagreiðslna of.l.
  - c. **Starfsmannamál.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að frá og með 1. Apríl mun starfshlutfall menningarfulltrúa breytast í 60% og á móti mun hann gegna 40% starfshlutfalli hjá SSNV atvinnuþróun. Stjórn samþykkir breytinguna.
3. **3. mánaða rekstaryfirlit SSNV, SSNV atvinnuþróunar og SSNV málefna fatlaðra.** Framkvæmdastjóri fór yfir og skýrði einstaka liði. Rekstur eininganna er í samræmi við áætlanir.
4. **Ársreikningar SSNV, SSNV atvinnuþróunar, SSNV málefna fatlaðra fyrir árið 2010.** Lagðir fram til umræðu og undirritunar ársreikningar viðkomandi rekstareininga.
5. **Ákvörðun um tímasetningu 19. ársþings SSNV.** Stjórn samþykkir að 19. ársþing SSNV verði haldið 26.-27. ágúst 2011. Þingið verður að þessu sinni haldið í Húnaþingi vestra.
6. **Ísland 20/20 - Landshlutaáætlun Norðurlands vestra.** Lagt fram fundarboð um kynningarfund um landshlutaáætlun Norðurlands vestra sem haldinn verður í Staðarflöt þriðjudaginn 12. Apríl kl 13. Til fundarins mæta fulltrúar, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, forsætis,-innanríkis og iðnaðarráðuneyta auk formanns nefndar Innanríkisráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Auk stjórnar og starfsmanna SSNV munu fulltrúar samstarfsnefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins á Norðurlandi vestra sitja fundinn. Umræður urðu um gerð landshlutaáætlunar Norðurlands vestra, skipulag verkefnisins ofl.
7. **Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra- staða mála.** Rætt um næstu skref varðandi almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra. Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á ráðgjöf um uppsetningu á fyrirkomulagi og skipulagi almenningssamganga á Norðurlandi vestra.
8. **Fundargerðir**

- a. **Stjórnar SASS.** Lögð fram til kynningar.
- b. **Menningarráðs Norðurlands vestra frá 23.mars 2011.** Lögð fram til kynningar.

#### 9. Frumvörp til umsagnar

- a. **Tillaga til þingsályktunar um aukna fræðslu í skólum um skaðsemi áfengis.** Veitir ekki umsögn.
- b. **Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls 533. mál.** Veitir ekki umsögn.
- c. **Frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár (virkjunarleyfi og framkvæmdir) 540. Mál.** Veitir ekki umsögn.
- d. **Frumvarp til laga um Ferðamálaáætlun 2011-2020,467. mál (heildarlög)** Lögð fram umsögn Samband Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Stjórnin tekur undir umsögn.
- e. **Tillaga til þingsályktunar um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ, 280. Mál.** Veitir ekki umsögn.
- f. **Tillaga til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs og ungmennasamtaka á Íslandi, 494. Mál.** Veitir ekki umsögn.

#### 10. Önnur mál

#### 11. Samgöngumál. Ágúst Þór Bragason lagði fram eftirfarandi tillögu.

*Stjórn SSNV samþykkir að fela SSNV atvinnuþróun að vinna úttekt á gildi þjóðveg 1 um Húnavats- og Skagafjarðarsýslur. Úttektin taki til þess að meta núverandi áhrif að legu vegarins á einstaka sveitarfélög með áherslu á áhrif þess á íbúapróun og þjónustu innan svæðisins. Þá verði lagt mat á kosti þess og galla að færa þjóðveg 1 þannig að hann liggja um Þverárfall og í gegnum Sauðárkrók, yfir Hegranes og um Hóla í Hjaltadal og með jarðgöngum yfir í Eyjafjörð. Þá verði lækun vegstæðis um Holtavörðuheidi tekin til sérstakrar skoðunar. Skoða skal sérstaklega eftirtalda kosti við vegstyttingar og áhrif þeirra á viðkomandi byggðir:*

*Stytting á leiðinni Borgarnes-Akureyri um allt að 25 km*

*Stytting á leiðinni Sauðárkrókur-Akureyri um allt að 35 km*

*Stytting á leiðinni Hólar- Akureyri um allt að 75 km*

*Vinnu við úttektina ljúki fyrir árslok*

*Tillagan samþykkt samhljóða*

- a. **Hækkun eldsneytisverðs.** Umræður urðu um hækkun eldsneytisverðs og neikvæð áhrif þess á landsbyggðina. Í framhaldi var eftirfarandi bókun samþykkt. *Stjórn SSNV mótmælir harðlega stefnu stjórnvalda í skattlagningu á eldsneyti. Íþyngjandi áhrif á atvinnustarfsemi og líf skjör íbúa á landsbyggðinni eru orðin með öllu óþolandi. Stjórnin telur aðgerða þörf strax.*

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:00**

**Jón Óskar Pétursson fundarritari**

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.